

Mat á námsumhverfi og leikefni í Núpi

Vorönn2024

Framkvæmd

Allt starfsfólk fékk spurningalista sem það svaraði nafnlaust. Á listanum voru 16 atriði sem starfsmenn mátu á fimm atriða skala auk átta opinna spurninga. Listinn var saminn af aðstoðarleikskólastjóra og tekið var mið af matslitum í handbók um innra mat leikskóla

Markmiðið var að fá fram viðhorf starfsfólks til námsumhverfisins og leikefnisins í Núpi. 25 starfsmenn svöruðu listanum.

Börnin á tveimur eldri deildum leikskólans fengu einnig tækifæri til að segja sína skoðun. Þau svöruðu munnlegum spurningum og tóku þátt í "ljósmyndamati" þar sem þau tóku ljósmyndir á ípad af því leikefni sem þeim finnst skemmtilegast.

Niðurstöður

Starfsmenn

Niðurstöður spurningalistana voru teknar saman og svörum gefið vægi á skalanum 1-10 Meðaleinkunnir voru reiknaðar út og þær litakóðaðar. Atriði sem fengu yfir 7,5 í meðaleinkun teljast vera ásættanleg. Þrjú atriði fengu undir 7,5 og þarf að bregðast við þeim.

	A	B	C	D	Veit ekki/á ekki við	Samtals	Meðaltal	
Námsumhverfið í Núpi er fjölbreytt, hvetjandi og skipulagt út frá markmiðum starfsins .	11	13	1	0	0	25	8,5	
Námsumhverfið í núpi er öruggt, hollt og vistvænt	8	14	1	1	1	24	8,0	
Húsnæði og útisvæði tekur mið af ólíkum þörfum barnanna og veitir þeim tækifæri til náms gegnum leik	10	13	2	0	0	25	8,3	
Hljóðvist í húsinu er góð og gerðar eru ráðstafannir til að tryggja hana	3	7	11	4	0	25	5,9	
Fjölbreytt úrval er til af leik- og námsefni	11	13	1	0	0	25	8,5	
Leik- og námsefni höfðar til mismunandi skynjunnar, er hvetjandi og krefjandi	11	13	1	0	0	25	8,5	
Leik- og námsefni endurspeglar áherslur leikskólans	8	15	2	0	0	25	8,1	
Leik- og námsefni hentar mismunandi áhugasviðum og endurspeglar fjölbreytileika mannlífsins	11	10	3	0	1	24	8,3	
Leik- og námsefni er aðgengilegt	16	8	1	0	0	25	9,0	
Leik- og námsefni er í góðu ástandi	4	16	5	0	0	25	7,4	
Námsumhverfið gefur börnum færi á að vera athafnasöm og líka á að hvílast	9	6	7	2	1	25	7,0	
Frjáls leikur fær nægilegt rými í dagskipulagi og jafnvægi er milli hans og skipulagðra stunda	14	9	2	0	0	25	8,7	
Hlutverk starfsfólks og verkaskipting er skýr	14	9	1	0	1	25	8,5	
Vinnuaðstaða fyrir starfsfólk er góð	8	11	5	0	1	25	7,5	
Rými fyrir sérfræðipjónustu er gott	4	11	5	1	4	25	6,0	
<p>A= Frábært, á nánast alltaf við- Einkunn 10. B= Gott, á oftast við - einkunn 7,5 C= Ágætt, á oft við en í sumum tilfellum gæti þetta verið betra- einkunn 5 D= Óviðunandi, þetta þarf að bæta- einkunn 2,5</p>								

Í opnum svörum starfsmanna voru kubbar, opinn efniviður, bækur og skapandi efniviður oftast nefnt sem leikefni sem hvetur til náms og tekur mið af markmiðum starfsins. Almennt var samhljómur í því að fólki finnst kynjuð leikföng og vopn ekki eiga heima í leikskólanum.

Fólk hafði mikið að segja um hljóðvistina í leikskólanum. Þegar spurt var hvað mætti betur fara í þeim efnum var oftast nefnt að mikilvægt væri að starfsfólk væri duglegt að skipta barnahópnum í minni hópa. Einnig kom fram sterkur vilji til að loka á milli matsals og eldri gangs.

Rýnihópar Barna

Gögnum var safnað meðal barnanna á tvo vegu. Annars vegar voru þau beðin um að segja kennara hvar þau myndu helst vilja leika sér ef þau fengju að velja. Þau fengu að nefna eitt til vara ef fyrsta val væri upptekið. Niðurstöðurnar voru settar fram í súluriti sem gefur okkur ákveðna hygmynd um vinsældir leiksvæðanna í húsinu.

Börnin fengu líka að taka tvær myndir af leikefni á Ipad og voru beðin um að velja það sem þeim þætti skemmtilegast að leika með. Myndirnar voru settar upp í sambærilegt súlurit og leiksvæðin.

Eins og myndirnar sýna er Hreyfisalurinn, gangurinn og útisvæðið vinsælustu leiksvæðin, og mætti draga þá ályktun að svæði sem bjóða upp á mesta frelsið í leik séu vinsælust.

Selgukubbar og holukubbar voru langvinsælastir í ljósmyndamatinu og er það í samræmi við tilfinningu starfsfólks.

2. val Hreyfisalurinn										
2. val Hreyfisalurinn										
2. val Hreyfisalurinn										
1. val Hreyfisalurinn										
1. val Hreyfisalurinn		2. val Frammi á gangi								
2. val Hreyfisalurinn		1. val Frammi á gangi í holukubbum								
1. val Hreyfisalurinn		2. val Frammi á gangi	2. val Inni í litló					1. val Brekkan á rassapotu		
1. val Hreyfisalurinn		2. val Frammi á gangi	1. val Inni í litló					2. val Úti í brekkan		
2. val Inni í hreyfisalurinn	1. val Listaskálann	2. val Frammi á gangi í holukubbum	2. val Inni í litló		2. val Á mottunni í stóra rýminu	1. val Borðinu í plúskubbum	2. val Úti í brekkan			
1. val Hreyfisalurinn	2. val Listaskálann	2. val Frammi á gangi	1. val Inni í litló	1. val Úti að þrifa leikshólan	1. val Á mottunni í segulkubbum	1. val Borðinu að perla	1. val Úti í brekkan	2. val Úti í renni-brautinni	1. val Úti í rólunum	
1. val Hreyfisalurinn	2. val Listaskálann	2. val Frammi á gangi	2. val Inni í litló	1. val Ég vil fara út	2. val Segulkubba á mottunni	1. val Borðinu í plúskubbum	1. val Svæðið fyrir neðan brekkan	1. val Úti í renni-brautinni	2. val Í rólunum	1. val Úti í sandkassanum
Hreyfisalurinn	Listaskálann	Gangurinn	Litló	Úti	Stóra mottan	Borða-vinna á deild	Brekkan úti	Kastalinn úti	Rólur úti	Sandkassinn úti

Leikefni – Mat barna

Segul-kubbar	Lego	Duplo	Perlur	Bækur	Stórir holu-kubbar	Litlir holu-kubbar	Plús-kubbar	Litir	Spil	Hátalari

Umbætur

Í matinu kemur fram að almennt er ánægja með námsumhverfi barnanna í Núpi nokkuð mikil. Það sem helst kom fram í matinu er ákall starfsfólks á betri hljóðvist og aukið rými til slökunar.

Laggðar eru fram effirtaldar tillögur að umbótum.

- Deildarstjórar fari vel yfir daglegt skipulag með tilliti til þess hvort hægt sé að auka skiptingu barna í minni hópa
- Stjórnendur setji vegg milli matsals og eldri gangs á "óskalista" yfir framkvæmdir
- Starfsfólk kynni sér niðurstöður mats rýnihópa barna og leitist við að gera minna vinsæl svæði meira aðlaðandi.
- Vinna markvist að því á komandi árum að endurnýja leikefni sem er úr sér gengið

Mars 2024

Áslaug Pálsdóttir Ragnheiðardóttir tók saman